

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Dalabyggðar, nr. 977/2000.

1. gr.

Í stað „19.30“ í 1. mgr. 7. gr. samþykktarinnar kemur: 17.30.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Dalabyggðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 14. janúar 2003.

F. h. r.

Garðar Jónsson.

Guðjón Bragason.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um efnislegar samkeppnisreglur í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 594/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 2. gr. o bætist við ný grein, 2. gr. p, sem orðast svo:

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2002 frá 27. september 2002 skal eftirtalin EB-gerð öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIV. viðauka við EES-samninginn um samkeppni, bókun I um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1105/2002 frá 25. júní 2002 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1617/93 að því er varðar samráð um fargjöld og um úthlutun afgreiðslutíma á flugvöllum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi.

Framangreind EB-gerð felur í sér breytingu á gildistíma reglugerðar (EBE) nr. 1617/93, sbr. reglugerðir nr. 375/1994, 693/1996 og 311/2002 í B-deild Stjórnartíðinda.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem fela í sér breytingu á 11. lið b í XIV. viðauka við EES-samninginn og snerta beitingu 3. mgr. 53. gr. samningsins, eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB (ákvörðunin í tölublaði nr. 61/2002, bls. 32). EB-gerðin er jafnframt birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

Viðskiptaráðuneytinu, 10. janúar 2003.

Valgerður Sverrisdóttir.

Jón Ögmundur Þormóðsson.